



Alþingi
Erindi nr. D 120/1746
komudagur 29/4 1996

FÉLAG ÍSLENSKRA HLJÓMLISTARMANNA

Rauðagerði 27 - 108 Reykjavík - Sími 588 8255 - Fax 588 8215

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir
Alþingi v/ Austurvöll

Reykjavík 22.4. '96

Umsögn Félags íslenskra hljómlistarmanna á frumvarpi til laga um br. á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum.

Félag íslenskra hljómlistarmanna tekur undir þá gagnrýni á frumvarp þetta sem komið hefur fram hjá Alþýðusambandi Íslands og krefst þess að það verði nú þegar dregið til baka á Alþingi.

FÍH leggur áherslu á óskoraðan rétt stéttarfélaga til að ráða innri málefnum sínum sjálf. Í frumvarpinu er víða vegið að þessum rétti svo sem í 1. gr. þar sem fjallað er um vinnustaðafélög. Slíkt er gróf ihlutun og brot á alþjóðlegum samþykktum ILO sem Ísland hefur staðfest og verður ekki þolað.

Sem dæmi um illa ígrundaðar tillögur frumvarpsins má nefna að þar er gert ráð fyrir sjö mismunandi afbrigðum af atkvæðagreiðslum hjá stéttarfélögum. Þessar reglur eru allar því marki brenndar að meginreglur um lýðræðislega niðurstöðu með einföldum meirihluta eru skekktar, ýmist er krafist verulega aukins meirihluta til að niðurstaða sé metin gild eða strangs forms á atkvæðagreiðslu. Látið er líta svo út að sömu reglur skuli gilda fyrir vinnuveitendur, en skipulag þeirra samtaka er með allt öðrum hætti, þar koma einstaklingar ekki að málum heldur fyrirtæki og miðstýring samtakanna er alger. Þessar hugmyndir að kosningareglum eru brot á öllum nútímalegum lýðræðishugmyndum auk þess sem margbreytileiki þeirra er slíkur að augljóst er að það eitt og sér kemur til með að valda verulegum vandræðum í framkvæmd.

Í þessu sambandi vill FÍH sérstaklega vekja athygli á því að á vegum félagsins er víða samið fyrir litla hópa á afmörkuðum vinnustöðum, svo sem Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ríkisútvarpið, Kirkjugarða Reykjavíkur og fleiri aðila. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegri þrengingu á atkvæðisrétti undir slíkum kringumstæðum og myndi því atkvæðisréttur félagsmanna FÍH skerðast enn frekar en almennt er í stéttarfélagunum. Ekki er ljóst hvaða tilgangi þessar skerðingar eiga að þjóna öðrum en þeim að þrengja verulega að frjálsum samningsrétti fólks.

Virðingarfyllst

Björn Th. Arnason, form.